SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Gerðahrepps að fasteignum, jörðum og landi innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o.fl., nr. 22/1932 og 31. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997 hefur hreppsnefnd Gerðahrepps samþykkt að áskilja sér forkaupsrétt að eftirtöldum eignum:

Land/mannvirki	*Skráður eigandi*
Kötluhóll	Inga, Ásgeir, Jóel, Guðríður og Jónassína Jóelsbörn.
Reynistaður	Kristín, Guðbergur, Einar, Inga og Þórdís Ingólfsbörn.
Litli Hólmur	Fiskþurrkun ehf.
Stóri Hólmur	Sigrún, Bjarni, Margrét, Sigríður og Guðmundur, Kjartansbörn.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í fimm ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún til upplýsinga og eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Umhverfisráðuneytinu, 3. júlí 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Nr. 521 9. júlí 2002

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Gnúpverjahrepps 1993-2013, Árnes.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Gnúpverjahrepps 1993-2013 frá 2. júní 1995.

Breytingin varðar svæði við Árnes:

Norðan þjóðvegar 32 er fellt niður framtíðarþéttbýlissvæði en gert ráð fyrir tveimur svæðum blandaðrar landnotkunar þéttbýlis (íbúðarhúsa) og landbúnaðar.

Afmörkun frístundabyggðarsvæðis norðan þjóðvegar er breytt og frístundabyggðarsvæði við Kálfá er stækkað til norðurs en útivistarsvæði til sérstakra nota verður á Reykjanesi.

Sunnan þjóðvegar 32 er gert ráð fyrir þremur svæðum blandaðrar landnotkunar þéttbýlis og landbúnaðar auk iðnaðarsvæðis.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Gnúpverjahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 9. júlí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.